

Helstu nýjungar í brunamálum

Ráðstefna slökkviliðsstjóra 2008

Björn Karlsson


Yfirlit

1. Skipurit og helstu lögbundin verkefni
2. Helstu breytingar 2008: Bakgrunnur
3. Breytingar á lögum um brunavarnir
4. Eftirlit með starfsemi slökkviliða
5. Menntunarmál
6. Eldvarnaeftirlit
7. Gjaldtökumál
8. Gróðureldar
9. Lokaorð


Skyldur skv lögum um brunavarnir

- **Umhverfisráðherra:** Fer með yfirstjórn mála skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000
- **Brunamálastofnun:** Eftirlit með framkvæmd laganna og yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaganna í þeim tilgangi að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf á landinu öllu. Stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Reka Brunamálaskólann
- **Sveitarfélögin:** Ráða slökkviliðsstjóra, reka slökkvilið með mannskap og tækjakost sem geta sinnt slökkvistarfi, mengunarslysa-viðbragði og eldvarnaeftirliti, gera Brunavarnaáætlun sveitarfélagsins

Skipurit Brunamálastofnunar



Bætt brunatjón 1981-2007



Guðmundur Gunnarsson

Helstu breytingar: Bakgrunnur

Miklar breytingar í starfsumhverfinu

- Ný lög um mannvirki, ný stofnun, ný hugmyndafræði um eftirlit
- Breytingar á lögum um brunavarnir
- Ný lög um opinberar eftirlitsreglur
- Ný hugsun í gæðastjórnun
- Krafa um skýrari skil á milli ábyrgðar og hlutverks ríkisins (Brunamálastofnunar) og sveitarfélaganna (slökkviliðanna)

Breytingar á lögum um brunavarnir

- Lög um brunavarnir halda gildi sínu sem sjálfstæð lög, ný stofnun, Byggingarstofnun
- Klippur og glennur loks í lög, raunsætt kostnaðarmat
- Slysatryggingar slökkviliðsmanna stórbættar, eiga að byggja á skaðabótalögum
- Slökkviliðsmenn í reykköfun skulu hafa staðist læknisskoðun
- Byggingarstofnun getur krafði sveitarfélög um upplýsingar um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða
- Þjónustuaðilar brunavarna sækja um starfsleyfi
- Gjaldtaka slökkviliða fyrir ýmis verkefni heimiluð
- Réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra hvað varðar óleyfisíbúðir

Eftirlit með starfsemi slökkviliða

- Lög um opinbert eftirlit, ný lög um mannvirki, kalla á nýja hugmyndafræði um eftirlit, sá sem setur reglurnar á helst ekki að framkvæma sjálft eftirlitið
- Áform um að auka mjög eigið eftirlit slökkviliðsstjóra, á þeim atriðum sem teljast tæknilega einföld (eftirlit með vissum búnaði, æfingum, menntun, læknisskoðun ofl)
 - Skoðunarhandbók (Word) og skoðunarskýrslur (Excel)
- Áform um að tæknilega flókið eftirlit (loftgæði í kútum, loftdælum) verði á hendi sérfræðinga með starfsleyfi eða faggiltrar skoðunarstofu
- Framkvæmd eftirlits með slökkviliðum mun því breytast, verða formlegra, meira um upplýsingaskyldu slökkviliðsstjóra til Brunamálastofnunar
- Niðurstöður slíkra skoðana mjög áhugaverðar

Reykköfunarreglugerð – Læknisskoðun

- Drög að nýrri reykköfunarreglugerð hafa verið í athugun í ráðuneytinu um nokkurt skeið
- Sömu kröfur um læknisskoðun og voru í gömlu reglugerðinni
- Þar er sagt að setja skuli nánari reglur í samráði við Landlækni
- Landlæknir hefur nú gert þetta með hliðsjón af kröfum á Norðurlöndum og samráði við aðra lækna
- Læknisskoðun á að vera hægt að framkvæma á heilsugæslustöðvum
- Þolpróf á að vera hægt að framkvæma á líkamsræktarstöðvum
- Ábyrgð slökkviliðsstjóra: Sjá nýlegan dóm

Ráðningarkröfur, slökkviliðsmenn

- Lög um brunavarnir:
 - Slökkviliðsmenn fá löggildingu ef búnir með nám í Brunamálaskólanum og hafa unnið í slökkviliði (1 ár atv. lið eða 4 ár hlutast. lið)
- Reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi...
 - Krafa um iðnmenntun (sambærilegt), aukin ökuréttindi (leigubílapróf), heilsa
- Gildir fyrir alla! (atv. og hlutast.)
- Víða hefur reynst erfitt að uppfylla skilyrðin
- Brunamálastofnun hyggst gera athugun á stöðu mála

Yfirlit

1. Skipurit og helstu lögbundin verkefni
2. Helstu breytingar 2008: Bakgrunnur
3. Breytingar á lögum um brunavarnir
4. Eftirlit með starfsemi slökkviliða
5. Menntunarmál
6. Eldvarnaeftirlit
7. Gróðureldar
8. Gjaldtökumál
9. Lokaorð

Menntunarmál

Bakgrunnur:

- Umfang námskeiðahalds Brunamálastofnunar hefur nær fjórfaldast á fimm árum
 - Allt grunnnám slökkviliðsmanna tvöfaldaðist í reglugerð 792/2001
 - Nýliðun í slökkviliðum hefur aukist mikið síðastliðin ár
 - Atvinnuslökkviliðum hefur fjölgað
 - Nú er námskeiðsstarfsemi í gangi hjá skólanum nánast allt skólaárið
 - Kröfur slökkviliða um gæði og fjölda námskeiða hafa aukist
- => Grettistaki í menntunarmálum hefur verið lyft, hvað varðar námskeiðahald og framleiðslu námsefnis, en ekki ljóst hvort hægt sé að halda því á lofti til lengdar


Menntunarmál

Framtíðarsýn:

- Umfang Brunamálastofnunar er nú svo mikið að skólinn verður að hafa fast aðsetur
- Miklir möguleikar á æfingasvæðum á Miðnesheiði
- Góðar líkur á að aðrir aðilar setji upp svipaða starfsemi á Miðnesheiði
- Háskólaþorp Keilis í örum vexti
- Námskeið fyrir hlutastarfandi áfram eins og nú er (?)
- Framkvæmd atvinnumannanáms verður að endurskoða með opnum huga
- Unnið er að því að aðlaga atvinnumannanámið að því kerfi sem er við lýði í verkmenntaskólum
- Til skoðunar er að skipta náminu í “áfanga”

Menntunarmál

- Tillaga Hauks Jónssonar, Verkmenntaskólanum á Akureyri, um áfangabyggt nám fyrir slökkviliðsmenn
- Skólaráð mun bráðlega halda fundi með atvinnuslökkviliðum um menntunarmál



Eldvarnaeftirlit

- Áfram unnið með þróun á gagnagrunni vegna eldvarnaeftirlits (Erpurinn)
- PV hjá Brunamálastofnun aðstoðar gjarna við að uppsetningu og viðhald gagnagrunnsins og notkun á þeim 20 fartölvum sem nú hefur verið dreyft
- Hvatt er enn meiri samvinnu á sviði eldvarnaeftirlits
- Skoðunartíðni í núverandi reglugerð er of mikil, verið er að endurskoða reglugerð um eldvarnaeftirlit
- Sú endurskoðun hamlast að vissu leiti vegna algerrar endurskoðunar á eftirlitskerfi byggingarmála (lög um mannvirki)

Gróðureldar

- Sænskur sérfræðingur, Kjell Lydänge, hélt námskeið fyrir um 30 varðstjóra og stjórnendur. Ávarpaði einnig björgunarsveitir á ráðstefnunni Björgun 2006
- Búið er að þýða um 100 síðna kennslubók um viðbragð við gróðureldum, verið að leggja lokahönd á að færa bókina betur að íslenskum staðháttum
- Búið að kaupa 2000 lítra fötu fyrir þyrlu LHG og kennsla í notkun áætluð bráðlega
- Helsti vandinn er að bóka þyrluna og áhafnir og kaupa sértækan hífingarbúnað vegna fötunnar
- Samráð haft við Umhverfisráðuneyti vegna laga um sumarhúsabyggð, burðargeta vega
- Vandamál: Enn hefur ekki tekist að útbúa dæmigerða viðbragðsáætlun fyrir skógræktarsvæði og sumarhúsabyggð, sem ætlunin var að yrði samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands, Suðurlandsskóga og Brunamálastofnunar

Gjaldtökumál

- Ef slökkviliðsstjóri krefst úrbóta á húsnæði, skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur. Sveitarfélag skal setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein og um innheimtu þeirra. Gjöld skulu ekki vera hærri en nemur kostnaði við framkvæmd eftirlitsins. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.
- SHS hefur sett fram mjög heildstæða tillögu að verklagi vegna gjaldtöku

Lokaorð

- Mikilvægt að eftirlit með starfsemi slökkviliða sé skrásett og rekjanlegt
- Framkvæmd eftirlitsins skiptist í eigið eftirlit slökkviliðsstjóra og eftirlit sérfræðinga með starfsleyfi (etv faggildingu síðar)
- Sérstaklega mikilvægt að eftirlit með reykköfunartækjum og reykköfurum (læknisskoðun) sé framkvæmt á réttan hátt
- Mikilvægt að ná samstöðu allra aðila um framkvæmd á námi atvinnuslökkviliðsmanna
- Muna þetta: Brunatjón og dauðaslys vegna eldsvoða eru helmingi minni en í nágrannalöndum => slökkviliðin eru að standa sig vel!